

Í því skyni að stuðla að velferð og efla hag barna og með stoð í þeim ákvæðum leikskólalaga nr.78/1994 sem lúta að samvinnu foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði stofna foreldrar barna í leikskólanum Klettaborg, Borgarnesi með sér félag og setja sér eftirfarandi:

Starfsreglur

Foreldrafélag Leikskólans Klettaborgar.

Foreldrar og/eða forráðamenn barna í leikskólanum Klettaborg.

3.gr.Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því, meðal annars, að vinna

4.gr.Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Gjaldið greiðist tvisvar á ári, og er innheimt með gíróseðlum. Gjaldið rennur í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins.

5.gr.Kosning til stjórnar félagsins skal fara fram á aðalfundi. Kjósa skal 5 manns úr hópi foreldra í stjórn félagsins og skal stefnt að því að hver deild leikskólans eigi fulltrúa í stjórninni. Auk þess skal starfsfólk kjósa tvo fulltrúa til setu í henni, svo að samtals skipi stjórn sjö fulltrúa. Æskilegt er að hluti fulltrúa sitji tvö ár í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur formann, ritara, gjaldkera úr hópi foreldra.

6.gr.Félagsmenn skulu á aðalfundi móta leiðir að markmiði félagsins. Bókfæra skal allar ákvarðanir.

7.gr.Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinna stjórnarmanna og annarra félagsmanna skal vera innan ramma markmiða félagsins og að því marki sem ákvarðana aðalfundar nýtur við skal eftir þeim starfað.

8.gr.Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. sept-1. nóv. ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu í leikskólanum með minnst viku fyrirvara.

9.gr.Tillögur til breytinga á starfsreglum verða að hafa borist stjórninni skriflega í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Breytingar á starfsreglum ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.